

Leitaræfing með hestum við Seleyri við Borgarnes - 26. apríl 2009

Æfingin var sett upp sem liður í því að athuga hvernig notast má við hesta til leitar innan Slysavarnafélagsins Landsbjörg. Lagt var upp með að prófa samvinnu hests og knapa, skoða leitar svið og aðferðir, gera athuganir á búnaði og æfa knapa í því að skipuleggja sig sem leitarhópur. Ekki var lögð nein áhersla á viðbragðstíma, né leitað með hraði, þótt tímar hafi verið skráðir.

Þátttakendur:

Knaparnir urðu færri en til stóð vegna anna. Fjórir knapar frá björgunarsveitinni Brák í Borgarnesi tóku þátt og eru þeir einnig í undirbúningshópi vegna leitarhesta. Allir fjórir eru vanir reiðmenn og með hest, sem þeir þekkja vel, en bakgrunnur mjög misjafn er varðar reynslu af leitum á vegum SL og/eða smalamennsku. Enginn er með fagnámskeið í Leitartækni eða reynslu af stjórnun leitar.

Í æfingastjórn voru tveir aðilar frá björgunarsveitinni Kili á Kjalarnesi, einnig úr undirbúningshópi. Þeir hafa nokkra reynslu af leitum á vegum SL og annar þeirra er með fagnámskeið í Leitartækni en hvorugir stunda hestamennsku að ráði. Uppsetning æfingar var í þeirra höndum, svo sem skráning og úrvinnsla. Auk þess var bílstjóri frá Brák með í för og til taks á svæðinu allan tímann.

Búnaður:

Leitarmenn voru allir með sinn persónulega búnað tengdan reiðmennsku. Auk þess voru allir með tetra talstöðvar og íklæddir endurskinsvestum. Prófun fór fram á bakpokum, mittistöskum að framan og aftan og ýmsum gerðum af hnakkstöskum.



“Galli” týndur undir barði

Leitarsvæðið:

Leitarsvæðinu var valinn staður við Seleyri fyrst og fremst vegna nálægðar við Borgarnes og fjölbreytts landslags. Einnig var tekið tillit til aðkomu og hve auðvelt var að afmarka leitarsvæðið.

Helstu einkenni landslags eru þúfur, skorningar, melar og börð. Nokkrar blindhæðir og halli frá fjallsrótum að sjó á mest öllu leitarsvæðinu. Gamall þjóðvegur sker

svæðið nokkurn veginn í tvennt langsum og girðing meðfram honum að sunnanverðu með þremur hliðum. Nokkrar malarnámur eru á svæðinu, ýmist gamlar, frágengnar eða nýjar í notkun. Víða er talsverð aurbleyta og gljúpir lækjarfarvegir.

Leitarsvæðið var reitur um 2.5 km² að stærð og var miðað við sex leitarmenn í upphafi. Þeir reyndust þó færri þegar til kom og var aðeins hluti leitarsvæðis leitaður til þess að hafa fyrstu æfingu ársins hæfilega að lengd og erfiðleikastigi m.v. hópinn.


Hinir týndu voru tvær dúkkur og einn tómur samfestingur, dökkblár á litinn. Allir í liggjandi stöðu í mismunandi landslagi – milli þúfna, undir barði á mel (sjá mynd fyrir ofan) og í lækjarfarvegi/barði.

Leitin:

Mætingarsvæði var gamli þjóðvegurinn við Seleyrará og komu leitarmenn þangað á tveimur bílum með tvær kerrur í eftirdragi. Veður var gott, hiti um 8°, austan kul, skýjað og raki í lofti.

Kort og upplýsingar frá æfingastjórn voru afhent á mætingarsvæði og í höndum leitarmanna að skipuleggja framhaldið. Hópurinn ákvað að afferma kerrur innan við austasta hliðið á svæðinu og byrja leit á syðsta hluta leitarsvæðis, frá Tunguá að Seleyrará. Leitarmenn mynduðu línu og leituðu svæðið frá fjallsrótum eins langt og leitarsvið leyfði. Ekki var sjónlína á milli allra leitarmanna allan tímann, en það var oftast við næsta mann nema ef barð eða hæð skyggði á.

Galli og dúkka voru á því svæði sem leitað var og fundust báðir hinir týndu án erfiðleika. Leitarmenn sáu hinn týnda fyrst í um 30 m fjarlægð og tóku eftir viðbrögðum hjá hestunum þegar nær var komið. Einn hestanna var fælinn við hinn týnda.



Þegar leið á leitina áttu tveir hestanna í nokkrum erfiðleikum með þetta skorninga og stórar þúfur og var oft fljótlega fyrir leitarmenn að fara af baki og teyma. Tafði það hópinn og skerti leitarsvið töluvert.

Þegar hér var komið sögu var búið að leita þriðjung heildarleitarsvæðis. Þá ákvað hópurinn að ekki væri skynsamlegt m.v. þjálfunarástand hrossanna að ljúka við allt svæðið sunnan við veg. Hins vegar voru menn til í að minnka svæðið og kanna þann hluta svæðisins sem liggur norðan við gamla þjóðveginn, enda grynri og færri skorningar þar. Hjólreiðamaður og laus hundur komu að, þegar áð var, án þess að það hefði truflandi áhrif á hestana.

Svæðið norðan vegar var minnkað niður í um 0.1 km^2 (svæði B á korti) í kringum hinn týnda og kláraðist sú leit á 9 mínútum. Vel gekk að finna hinn týnda.

Leit var hætt eftir þetta og farið í að gera samanburð á leitarsviði göngumanns og knapa og einnig skoða viðbrögð hesta við að finna hinn týnda. Voru þau missterk en vel merkjanleg um 4 metrum frá hinum týnda. Eyru sperrtust og neitaði hestur að fara nær í flestum tilfellum. Endað var á því að fara yfir leitina, ræða hvernig gekk og huga að hestunum.



Leit á svæði B.

Leitin í tölum (miðað við svæði A):

- ✓ Stærð svæðis sem leitað var: 1 km^2
- ✓ Tími sem fór í að gera hesta og knapa klára við bílana: 25 mín
- ✓ Tími reiðmanna frá bílum og að upphafspunkti leitar: 7 mín
- ✓ Tími reiðmanna í leit frá eystri mörkum svæðis að vestari mörkum: 1 klst og 8 mín
- ✓ Lengd frá bílum að upphafspunkti leitar: $<1 \text{ km}$
- ✓ Lengd leitarsvæðis frá eystri mörkum að vestari mörkum: 2,7 km
- ✓ Mestur hraði leitarlínu, miðað við beina línu: um 4,5 km/klst
- ✓ Fjarlægð frá knapa að hinum týnda, þegar hann sást fyrst: um 30 m
- ✓ Leitarsvið almenns göngumanns: 4,2 m
- ✓ Leitarsvið knapa á sama svæði: 20,3 m

Búnaðarprófun:

- √ Tetratalstöðvar komu vel út, auðvelduðu skipulag og trufluðu ekki hesta, eitthvað var þó um að mikrófónar losnuðu.
- √ Vesti komu vel út, mikill sýnileiki og voru knöpum ekki til trafala.
- √ Bakpokar þóttu óþægilegir, nema lítið væri í þeim og vel festir. Trufla jafnvægi og geta myndað nuddsár.
- √ Mittistöskur voru fínar, hvort sem var að framan eða aftan.
- √ Staðsetning og stærð á hnaktöskum virtust ekki hafa áhrif á hestana.
- √ Í ljós kom að reiði hefði verið til bóta, en nokkur hreyfing var á hnökkum sem voru án hans.
- √ Einnig vantaði sprengi/smyrsl og annan fyrstuhjálpar búnað fyrir hestana.

Samantekt:

Æfingin þótti í stórum dráttum takast vel og svara ýmsum spurningum. Æfingastjórn gat ekki lagt mat á hversu vel menn í raun leituðu svæðið, því aðeins var hægt að miða út frá eigin leitarreynslu á tveimur jafnfljótum í svipuðu landslagi. Hópurinn skipulagði sjálfur aðferðir, leiðaval o.a. og tókst vel upp. Staðkunnátta var nýtt.

Skipuleggjendum þótti a.m.k. mikið til um hraða yfirferðar á svæði sem telst nokkuð seinfarið, einsleitt og lýjandi. Leitarmenn töldu sjálfir að svæðið hefði verið leitað á bilinu 70-95 % - lakasta talan hjá þeim sem urðu að fara af baki enda fóru þeir yfir svæði sem var mjög skorið og hefði þurft að þetta leitarmenn til að hækka prósentuna. Við teygingu minnkaði bæði einbeiting og leitar svið.

Takmörk hestanna lágu helst í blautum svæðum, bröttum og lausum skriðum og gljúfrum en sömu svæði væru einnig seinfarin göngumönnum. Munur á skapgerð, þoli og fótafimi hjá hestunum kom vel í ljós og höfðu þessir þættir mikil áhrif á hvernig leitarmenn unnu sína vinnu. Til þess að koma að gagni verður hestur að vera vel þjálfður til þess að takast á við allar aðstæður.

Ljóst er að hesturinn skynjar liggjandi dúkku og verður fróðlegt að skoða möguleikana á að nýta sér það betur við annað tækifæri.

*Nánari upplýsingar um leitarhesta almennt og myndir,
er hægt að nálgast á vefsíðunni leitarhestar.123.is*

Skýrsla unnin fyrir Björgunarsveitina Brák, Borgarnesi
og undirbúningshóp leitarhesta

Björgunarsveitin Kjölur
Kjalarnes, 3.maí 2009